

Ágætu NÖK félagar.

Nú í skammdeginu er gott fyrir þau okkar sem sóttu NÖK þingi á Höfn í Hornafirði að horfa til liðins sumars og rifja upp góða daga þar. Þær umsagnir sem við höfum fengið eru allar á einn veg - að þingið hafi verið mjög vel heppnað, bæði faglega og félagslega. Hægt er að kíkja á heimasíðu NÖK til að sjá erindin (noek.org/medlem).

Undirbúningur þingsins tók tvö til þrjú ár, þó að mest hafi gerst síðustu mánuðina. Þar sem NÖK þingin eru haldin á þeim tíma árs þegar mest er um ferðafólk hér á landi þarf að semja um staðsetningu og tryggja gistingu með löngum fyrirvara. Haustið 2009, hélt aðalstjórn NÖK fund hér á landi. Á fundinum voru lögð drög að hinum faglega hluta dagskrárinnar og einnig skoðaðar aðstæður á Höfn. Síðan vann stjórn Íslandsdeildarinnar að endalegum samningum um alla aðstöðu á Höfn og fullmótun dagskrárinnar í samvinnu við hinar landsdeildirnar.

Um tvö hundruð manns sóttu þingið, þar af 90 virkir félagar, hitt makar og börn. Fjölmargir aðilar veittu okkur stuðning, bæði fjárhagslega og einnig með öðrum hætti til að allt færi vel fram. Þetta er ljúft að þakka.

Aðalfundur Íslandsdeildar NÖK var haldinn á Höfn 27. júlí og sátu hann 25 félagar. Fimm nýir félagar voru teknir inn: Árni Brynjólfsson, Björn Birkisson, Einar Matthíasson, Hávar Sigtryggsson og Sigríður Bjarnadóttir.

Gunnar Guðmundsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni og var Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir kosin í stjórnina ásamt Sveini og Jóhannesi. Hér með eru ítrekaðar þakkir til Gunnars fyrir veigamikil störf í þágu NÖK, bæði hér á landi og einnig sem framkvæmdastjóri heildarsamtakanna í átta ár.

Á aðalfundi heildarsamtakanna var tilkynnt að NÖK þingið 2012 verður haldið í Danmörku dagana 29. júlí til 1. ágúst og hefur Gråsten landbúnaðarskólinn verið valinn sem mótsstaður. Er þetta á Jótlandi suður undir Þýskalandi. Kom fram mikill áhugi og metnaður hjá Dönum að taka vel á móti gestum frá hinum Norðurlöndunum.

Verður þetta allt kynnt nánar næsta haust.

Að lokum óskum við ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

F.h. stjórnar Íslandsdeildar NÖK
Jóhannes Torfason